

Númer og heiti málefнасviðs

UMFANG (örfáar línur)

Hér skal tilgreina í stuttu máli í hversu marga og hvaða málaflokka málefнасviðið skiptist og hvaða ráðherra ber ábyrgð á málefнасviðinu.

Hér kemur tafla yfir útgjaldaramma yfirstandandi árs og síðustu tveggja ára þar á undan fyrir málefнасviðið í heild sinni, en einnig skal sýna þróun útgjalda fyrir málaflokkana sem heyra undir sviðið (keyrð út miðlægt, sjá dæmi).

FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ (<1/2 bls.)

Fyrst skal setja fram **framtíðarsýn** fyrir málefнасviðið til a.m.k. næstu fimm ára. Í framtíðarsýn skal koma fram almenn lýsing á þeim árangri eða ávinningi sem ætlað er að ná innan ótilgreinds tíma eða með framkvæmd stefnu. Gert er ráð fyrir að framtíðarsýn sé einföld, skýr, feli í sér viðmið til lengri tíma, byggi á stöðugum forsendum og sé hvetjandi fyrir hlutaðeigandi aðila.

Loks skal tilgreina **meginmarkmið fyrir málefнасviðið** sem styður við framtíðarsýn. Hafa skal í huga að meginmarkmið eru hugsuð til langs tíma og eru yfirleitt huglæg á meðan markmið málaflokks vísa til hlutlægrar tilfærslu og eru tengd grunnstöðu mælikvarða.

Framtíðarsýn og meginmarkmið eru uppfærð með hliðsjón af velsæðaráherslum ríkisstjórnarinnar þar sem við á.

FJÁRMÖGNUN (nokkrar línur)

Töluleg umfjöllun í örstuttu máli um hver eru helstu lykilatriði (2-3 stk) eða breytingar á 5 ára útgjaldaramma málefнасviðsins.

Hér kemur útgjaldarammi málefнасviðsins næstu fimm ára (keyrt út miðlægt, sjá dæmi).

HELSTU ÁHERSLUR 2021-2025

KOLEFNIS-
HLUTLAUS
FRAMTÍÐ

Hagsmunir barna
og ófæddra
kynslóða í öndvegi.

Kolefnishlutleysi
Íslands fyrir árið
2040 með stuttri
umfjöllun um
útgjaldaramma.

Losun og binding
gróðurhúsa-
lofttegunda með
stuttri umfjöllun um
útgjaldaramma.

[Leiðbeiningar með framangreindu **dæmi** um helstu áherslur 2021-2025 (sem sniðið er að hverju málefnasviði).

Framsetningin dregur á þægilegan hátt saman forgangsmál ríkisstjórnarinnar á hverju málefnasviði í fjármálaáætlun, t.d. vegna kynningar ráðherra.

Áherslur sem grundvallast á velsæðaráherslum ríkisstjórnarinnar og stjórnarsáttmála eru í forgangi. Velsæðaráherslur draga fram stóru línurnar, um **leiðarljós** og mikilvægi viðkomandi mála í fjármálaáætlun.

Í hringinn kemur fyrirsögn á áherslu ráðherra fyrir málefnasviðið. Gjarnan orðað í knappri fyrirsögn: 3-4 orð. Dæmi: „Kolefnis-hlutlaust Ísland“, „Styrkja stafræna innviði“.

Til hægri koma **1-3 helstu áherslumál / lykilatriði** ráðherra fyrir árin 2021-2025 í forgangsröð fyrir málefnasviðið. Jafnframt skal tilgreint stuttlega hver er viðkomandi breyting á 5 ára útgjaldaramma málefnasviðsins (töluleg umfjöllun í örstuttu máli). Dæmi: „með 155 m.kr. aðgerðaáætlun í þágu x.“, eða „með 25 viðbótar hjúkrunarfræðingum sem veita x þús. þjónustu.“

Áherslur ársins skipta máli fyrir heildarmyndina og miða út á við: að auka velsæld í samfélaginu sbr. velsæðaráherslur ríkisstjórnarinnar og bæta gæði fyrir samfélagið.]

NÚMER OG HEITI MÁLAFLOKKS (2-3 bls.)

Verkefni

Fjallað skal almennt um málaflokkinn, með því að gera stuttlega grein fyrir hvaða málefni/verkefni falla undir hann. Hér er t.d. hægt að tilgreina hvaða lög eða gildandi stefnur eða áætlanir falla undir hvern málaflokk, eftir því sem við á.

Helstu áskoranir og tækifæri til umbóta

Draga skal fram helstu **áskoranir** sem við stöndum frammi fyrir á tímabili áætlunarinnar og hvaða aðgerðir stjórnvöld hyggjast ráðast í til að mæta þessu áskorunum. Hér skal m.a. meta hvernig viðkomandi málefnasvið hefur tengingu við velsæðaráherslur ríkisstjórnarinnar og hvort að ráðuneytið standi frammi fyrir einhverjum áskorunum við að mæta þeim.

Þrjár af velsæðaráherslunum eiga við um öll málefnasvið: Kolefnishlutlaus framtíð, Gróska í nýsköpun, og Betri samskipti við almenning. Í því sambandi er bent á að mesta ógn sem heimurinn stendur frammi fyrir eru loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra. Ríkisstjórnin hefur sett markmið um kolefnishlutleysi Íslands fyrir árið 2040. Loftslagsmálin taka því bæði til losunar og bindingar á gróðurhúsalofttegundum.

Hér skal jafnframt gerð grein fyrir áskorunum út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum.¹ Umfjöllun um áskoranir skal unnin út frá mati, fyrirliggjandi rannsóknnum eða greiningargögnum.

Þá skal gerð grein fyrir **tækifærum** til að mæta þessum áskorunum með bættri þjónustu, bættri nýtingu fjármuna og/eða hagræðingar innan málaflokksins. Nær örugglega er um að ræða verkefni eða aðgerðir sem koma til athugunar í næstu köflum. Ef um er að ræða málaflokk sem þróast í samræmi við lýðfræðilega þætti skal fjalla um hvort þar sé gert ráð fyrir breyttri þróun á næstu árum og hver áhrifin gætu orðið.

Einnig skal gera grein fyrir helstu **áhættuþáttum**, líkum á að ekki takist að ná fram markmiðum, hugsanlegar afleiðingar ef það gerist og ráðstafanir stjórnvalda til að bregðast

¹ Í samræmi við niðurstöður jafnréttismats á þeim málefnasviðum þar sem það á við. Stutt umfjöllun byggð á jafnréttismati og áherslum stjórnvalda í jafnréttismálum, sbr. [grunnskýrslu kynjaðrar fjárlagagerðar](#), greiningar sem unnar hafa verið á grundvelli hennar, sem og [verkferakistu kynjasambættingar](#).

við þeim. Áskoranir og áhættuþættir geta m.a. tengst umhverfislegum, samfélagslegum eða kerfislægum þáttum, eins og samvinnu, fjármunir, mannaúdur, þekking, þátttaka aðila, aðgengi að gögnum og upplýsingum, ófyrirsjáanleiki, síló, stuðningur o.s.frv. Getur reynst nýtsamlegt að setja áhættuþætti upp í töflu til að fá betri yfirsýn (sjá bakgrunnsefni).

Markmið og mælikvarðar

Í *knöppu máli má* fyrst fjalla um allt að þrjú markmið fyrir hvern málaflokk. Velsældaráherslur ríkisstjórnarinnar sem tengjast viðkomandi málaflokki skulu vera í forgangi. Færa skal rök fyrir því hvers vegna markmiðin eru mikilvæg og hvernig þau tengjast meginmarkmiði málefna sviðs. Markmið má gjarnan setja í samhengi við áskoranir og tækifæri, sbr. framangreindan kafla. Sem dæmi: ef kynja- og jafnréttissjónarmið eru meðal stærstu áskoranana, mættu markmið / mælikvarðar / aðgerðir endurspeglja það. Hið sama gildir um velsældaráherslur ríkisstjórnarinnar.

Ef við á, skal markmiðasetning unnin út frá grunnildum LOF, þ.e. Sjálfbærni með því að ná árangri og framförum án skuldsetningar; Varfærni með greiningu áhættu og sviðsmynda; Stöðugleika sem felst í vandaðri stefnumörkun m.a. á grunni sjálfbærni og varfærni; Festu, þ.e. markvissar breytingar sem eru vel ígrundaðar; og Gagnsæi með skýrum og mælanlegum markmiðum.

[Leiðbeiningar með eftirfarandi töflu:

Markmiðin sem tilgreind eru skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin, raunhæf, tímasett og vísa til tilfærslu. Þá skulu markmið samræmd markmiðum í gildandi stefnum eða áætlunum málaflokksins. Ef markmið tengist Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (HM) (sjá word-skjal) skal merkja númer þeirra í viðeigandi reit. Þá skal stuttlega tilgreint í texta með hvaða hætti markmið málaflokksins tengjast tilteknum Heimsmarkmiðum (sem dæmi: „Markmið málaflokksins styðja jafnframt við Heimsmarkmið (HM) 17.1 um öflun skatttekna og annarra tekna, HM 16.6 um skilvirkar og ábyrgar stofnanir með gagnsæi að leiðarljósi, og HM 10 um aukinn jöfnuð“).]

Hverju markmiði skulu fylgja að hámarki þrjú mælikvarðar sem mæla framgang markmiðsins, þ.e. ólíka þætti árangurs, með hlutlægum hætti. Mælikvarðar mæla auknið samfélagsvirði eða sjáanlegar jákvæðar breytingar/bætt gæði fyrir samfélagið. Þar sem það á við, skal leitast við að mæla endanleg áhrif sem sem sóst er eftir, þ.e. lýsa magni eða annarri mælieiningu í þjónustu, gefa til kynna framvindu í átt að settu marki (gætum að mikilvægi, raunhæfum áhrifum, samsettum mælikvörðum o.s.frv.). Við mótun mælikvarða skal hafa til hliðsjónar fyrirliggjandi mælikvarða, t.d. sem tengjast gildandi stefnum, velsældarmælikvörðum eða opinberu mælikvarðasetti heimsmarkmiðanna hjá Hagstofu Íslands.

Gera skal grein fyrir stöðu í lok síðastliðins árs og viðmiðum fyrir næstkomandi ár og síðasta ár sem fjármálaáætlun nær til. Viðmið er tölulegt gildi á mælikvarðanum sem stefnt er að því að ná í lok þess árs sem um ræðir og vísa til markmiðsins.]

Markmið og mælikvarðar

Markmið	HM	SR	Mælikvarðar	Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2025
	xx.x,	234,	Mælikvarði 1.1	x	y	z
Markmið 1...	16.6,	234,	Mælikvarði 1.2	x	y	z
	16.6,	234,	Mælikvarði 1.3	x	y	z

Markmið 2...	16.6, 234,	Mælikvarði 2.1	x	y	z
Markmið 3...	16.6, 234,	Mælikvarði 3.1	x	y	z

Ef breyting hefur verið gerð á markmiði frá fyrri fjármálaáætlun, skal henni lýst stuttlega í texta fyrir neðan markmiða/mælikvarðatöflu, ásamt rökstuðningi. Sama gildir um mælikvarða, sem hefur þróast eða breyst frá fyrri fjármálaáætlun.

Verkefni / aðgerðir

[Leiðbeiningar með eftirfarandi töflu:

Í töflunni hér fyrir neðan skal tilgreina verkefni/aðgerðir sem ráðast á í og hvaða markmið þau styðja við. Að jafnaði skulu ekki vera fleiri en þrjú verkefni/aðgerðir við hvert markmið og skal þeim raðað í forgangsröð fyrir málaflokkinn.

Verkefni/ aðgerðir miða út á við og miða að því að auka samfélagsvirði og bæta gæði fyrir samfélagið. Áhersla er á umfangsmikil verkefni/aðgerðir sem skipta máli fyrir heildarmyndina. Verkefni sem styðja við velsæðaráherslur ríkisstjórnarinnar eða grundvallast á stjórnarsáttmála skulu vera í forgangi. Verkefni hafa skilgreinda áfanga eða endi og eru þar af leiðandi ekki reglubundin eða viðvarandi verkefni.

Hafa skal í huga að verkefni/aðgerðir/ geta komið úr fimm áttum til að ná settu markmiði: 1) Verkefni/aðgerð framkvæmd af opinberum aðila eða aðkeypt. 2) Upplýsingar: upplýsingagjöf, fræðslustarf, ráðgjöf, merkingar, ráðleggingar. 3) Hagrænir hvatar: t.d. skattar, gjöld, skattafláttur, styrkir, framseljanleg leyfi, kvótar, uppboð, leyfisveitingar, lán og tryggingar. 4) Löggjöf / reglusetning: t.d. markaðsreglur, breyting á stofnanakerfi, setning fyrir framleiðslu, neytendur, staðlar, boð og bönn, réttindi. Einnig ólíkar birtingarmyndir af eigin reglusetningu aðila. 5) Hnippingar – jákvæð inngríp / atferlisfræði (e. Nudge).

Þá er mikilvægt, ef hægt er, að tilgreina tímaáætlun, þ.e. hvenær verkefni hefst og hvenær því skuli lokið.

Ef fyrir liggur hvaða ráðuneyti eða stofnun ber ábyrgð á framkvæmd verkefnis skal það tilgreint.]

Helstu verkefni 2021-2025	Tímaáætlun	Framkvæmdaraðili	Tengist markmiði
Verkefni 1...	2021–202x	Aðili x...	1
Verkefni 2...	2021–202x	Aðili x...	2
Verkefni 3...	2021–202x	Aðili x...	3

NÚMER OG HEITI MÁLAFLOKKS (2-3 bls.)

...

Bakgrunnsefni við skrif:

Áhættur og mótvægisráðstafanir (dæmi)

Áhættuþáttur	Áhættulýsing	Möguleg áhrif	Mótvægisráðstafanir
Framkvæmd stefnu	Aðgerðir ekki nægilega vel skilgreindar. Aðkoma nokkurra stofnana.	Aðgerðir dragast á langinn. Markmiðum ekki náð. Duplication, framúrkeyrsla	Samstarfshópar, greina ábata af aðgerðum... Snemmgreining...
Áskoranir í fjármálaumsýslu ríkisins	Fjöldi smárra ríkisstofnana og hversu hátt hlutfall fjármagns þeirra fer til stjórnunar og stoðþjónustu.	Fjöldi rekstrareininga og skortur á samhæfingu þeirra á milli dregur úr getu ríkisins til að njóta hagkvæmni af stærð sinni.	Aukinn samrekstur og samhæfing, m.a. á sviði innkaupa og upplýsingatækni. Aukin sjálfsafgreiðsla og stafræn opinber þjónusta.